Ed. **369. Nefndarálit**

um frv. til laga um aðstoðarpresta í Reykjavík.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefir athugað frumvarpið og kvatt til fundar við sig sóknarnefnd dómkirkjusafnaðarins til skrafs og ráðagerðar, auk þess leitað álits ráðuneytisins og aflað sér ýmsra gagna í málinu. Að athuguðu máli lítur nefndin í heild svo á, að frumvarpið beri fram harla nauðsynlegt mál, en þar eð áliðið er nú þings og litlar líkur til, að frumvarpið nái afgreiðslu í báðum þingdeildum, en málið hinsvegar aðkallandi, þá hefir nefndin talið heppilegra að afgreiða málið með svofelldu erindi, sem hún hefir í dag sent fjárveitinganefnd Alþingis:

„Menntamálanefnd efri deildar Alþingis hefir samþykkt í einu hljóði að óska eftir, að fjárveitinganefnd flytji við 22. gr. fjárlagafrv. eftirfarandi tillögu, sem gerð er í samráði við kirkjumálaráðherra:

Kirkjumálaráðherra er heimilt, í samráði við biskup og sóknarnefnd dómkirkjusafnaðarins, að kalla tvo aðstoðarpresta til starfs í dómkirkjusöfnuðinum og láta greiða þeim úr prestlaunasjóði sömu laun og sóknarprestum.“

Alþingi, 14. des. 1937.

Jónas Jónsson, form.	Guðrún Lárusdóttir, fundaskr., frsm.	Sigurjón Á. Ólafsson.